

Jarðfræðikortlagning á Þjórsár- og
Tungnaársvæði í mælikvarða 1:50.000.
Kostnaðaráætlun um tölvutekt og frágang
jarðfræðikorta

Ingibjörg Kaldal, Elsa G. Vilmundardóttir, Árni Hjartarson

JARÐFRÆÐIKORTLAGNING Á ÞJÓRSÁR- OG TUNGNAÁRSVÆÐI Í MÆLIKVARÐA 1:50.000

Kostnaðaráætlun um tölvutekt og frágang jarðfræðikorta

Unnið var við berggrunskortið af kortblaði **1914 II Nyrðri-Háganga** á árinu 1997. Kortið er nú nær tilbúið til fjölföldunar. Eftir er að ljúka við jarðgrunns- og vatnafarskortin af sama kortblaði, og öll kortin af **1913 I Tungnaárjökull**. Samtals eru þetta 5 kort. Þau eru hluti af samstarfsverkefni Orkustofnunar og Landsvirkjunar um jarðfræðikortlagningu á Þjórsvæðinu, sbr. greinargerð Orkustofnunar EGV-FS-9701.

Nyrðri Háganga 1914 II

Til er skannað, vigráð og leiðrétt grunnkort.

1. Berggrunnskort 1914 II. Nær til búið til fjölföldunar.
2. Jarðgrunnskort 1914 II. Til er hreinteiknað handrit og búið að tölvutaka um ¼ af kortinu (birtist í greinargerð til Landsvirkjunar: Hágöngumiðlun. Jarðfræðiathuganir sumarið 1995. Elsa G. Vilmundardóttir og Ingibjörg Kaldal. OS-95059/VOD-09 B).
3. Vatnafarskort 1914 II. Handrit er nærri tilbúið, og tölvuvinnsla öll eftir.

1. tafla Nyrðri Háganga 1914 II Kostnaðaráætlun Verðlag miðað við janúar 1998

	Klst.	Þús. Kr.	Heildarkostn.
Jarðgrunnur			
Vinna sérfr.	40	152	
Vinna aðstm.	80	238	
15% tölvuálag (ArcInfo)		59	
Samtals		449	
Vatnafar			
Vinna sérfr., handr.	10	38	
Vinna sérfr. tölvut.	40	152	
Vinna aðstm.	50	149	
15% tölvuálag (ArcInfo)		45	
Samtals		384	
Bæði kortin samtals		833	

Tungnaárjökull 1913 I

Grunnkort er nú til skannað, en eftir er að staðfæra það, vigma og gera nauðsynlegustu leiðréttingar til að hægt sé að nota það sem grunn. Áætlaður kostnaður er **220 þ.kr** á verðgildi jan. '98.

1. Berggrunnskort 1913 I. Til er hreinteiknað handrit, en það þarfnast upprifjunar og endurskoðunar. Síðast var unnið við kortið 1989.
2. Jarðgrunnskort 1913 I. Kortið hefur ekki verið hreinteiknað nema að hluta. Það þarfnast upprifjunar og endurskoðunar þar sem ekki hefur verið unnið í því síðan 1989 og nokkrar breytingar orðið á jöklum og árfarvegum síðan.
3. Vatnafarskort 1913 I. Kortið hefur ekki verið teiknað og er til í frumgögnum. Ekki hefur verið unnið í því síðan 1989 og þarfnast það upprifjunar og endurskoðunar af sömu ástæðum og hin kortin.

Vegna flóknari jarðfræði og margra smáatriða (einkum í sambandi við eldvirkni) má gera ráð fyrir að vinna við þau sé eitthvað tímafrekari en við kortblað 1914 II.

Gögnin hafa legið lengi óhreyfð og þarfnast höfundar ca. einnar viku hvert á mörkinni til upprifjunar og endurskoðunar og til að fylla upp í eyður. Einnig er nauðsynlegt að eyða nokkrum tíma fyrir ferð til að skoða fyrirliggjandi gögn, til þess að ferðin nýtist sem best.

2. tafla Tungnaárjökull 1913 I Kostnaðaráætlun Verðlag miðað við janúar 1998

	Klst.	Þús. Kr.	Heildarkostn.
Berggrunnur			
Undirbúningur fyrir ferð	20	72	
Útvinna 1 vika		357	
Vinna sérfr., handr.	120	432	
Vinna sérfr., tölvut.	80	288	
Vinna aðstm.	80	238	
15% tölvuálag (ArcInfo)		79	
Samtals		1.466	
Jarðgrunnur			
Undirbúningur fyrir ferð	20	76	
Útvinna 1 vika		374	
Vinna sérfr., handr.	170	645	
Vinna sérfr., tölvut.	80	304	
Vinna aðstm.	120	357	
15% tölvuálag (ArcInfo)		99	
Samtals		1.855	
Vatnafar			
Undirbúningur fyrir ferð	20	76	
Útvinna 1 vika		374	
Vinna sérfr., handr.	170	645	
Vinna sérfr., tölvut.	80	304	
Vinna aðstm.	80	238	
15% tölvuálag (ArcInfo)		81	
Samtals		1.718	
Öll kortin samtals		5.039	

Til viðbótar við útvinnu kemur kostnaður á einn bíl í viku, um **60 þ.kr.** Einnig er óhjákvæmilegt að fá nýjar loftmyndir af jökuljaðrinum vegna framskriðs jökulsins, um **30 þ.kr.**

Hnitun á gígaröðum og hraunum er sameiginleg öllum kortunum og er hnitun þeirra inni á kostnaði jarðgrunnskortsins.

Ef verkinu er skipt í tvo þætti, útvinnna m. tilheyrandi kostnaði annars vegar, og frágangi grunna, úrvinnslu og kortagerð hins vegar:

Undirbúningur, loftmyndir, ferð og kostnaður f 3 menn: **1.419 þ.kr**

Frágangur kortgrunna, úrvinnsla og kortagerð: **3.930 þ.kr**